

## Leiðbeiningar fyrir samsetningu á glugganeti

Mælum einnig með að skoða leiðbeiningamyndbönd á heimasíðu okkar [www.glugganet.is/pages/leidbeiningar](http://www.glugganet.is/pages/leidbeiningar)

### Innihald pakka

- 4 stk hvítir álprófilar 18,6mm á breidd og 12,4mm á dýpt í lengdum DIY pakka sem er valinn
- Net eins og valið var, sniðið í stærð
- 4 stk. hvít horn
- 1 stk. halda og 2 skrúfur
- 2 stk. lamir og 8 skrúfur
- 2 stk. snúningshnappar og 2 skrúfur
- Gúmmíborði sniðinn í lengd
- 1 stk. áhald til að festa gúmmíborða (1 stk. fylgir hverri pöntun)
- Leiðbeiningar um samsetningu

### Máltaka fyrir sögun

#### 1. Athugið hvort yfirborðið hringinn í kringum gluggann er slétt

þ.e. skoðið hvort einhver gluggapóstur er innar en hinir.


Ef yfirborðið er ekki slétt þá eru nokkrar leiðir mögulegar, til dæmis er hægt að nota uppbyggiprófil eða láta rammann ganga inn fyrir gluggapóstinn ofl. Best að fara á heimasíðuna okkar til að skoða þær lausnir sem eru mögulegar áður en lengra er haldið. Farið á [www.glugganet.is/pages/leidbeiningar](http://www.glugganet.is/pages/leidbeiningar) og skoðið þar leiðbeiningar fyrir máltöku.

#### 2. Athugið hvort nægjanlegt pláss er til staðar fyrir álprófilinn, lamir og snúningsfestingar

Álprófillinn er 1,9 cm á breidd og við hann bætast lamirnar öðru megin sem þurfa 1,5 cm pláss

Hinu megin bætist við snúningsfesting sem þarf 1 cm pláss (sjá mynd).

Ef plássíð dugar ekki fyrir álarammann og festingarnar þá þarf að láta álarammann ganga inn fyrir gluggaopið en lamirnar þurfa alltaf 1,5 cm og snúningsfestingarnar þurfa alltaf 1 cm.



#### 3. Máltaka




Ef nægjanlegt pláss er til staðar fyrir álprófila, lamir og snúningsfestingar þá mælirðu breidd og hæð gluggaopsins og notar þau mál fyrir sögun á álprófilunum.

Ef álaramminn þarf að ganga inn á gluggaopið þá þarftu að draga frá þá millimetra.

**Dæmi:** ef gluggaopið er 40 á breidd og 100 á hæð og álaramminn þarf að ganga 1,5 centimetra inn hvoru megin og 1 cm að ofanverðu en ekkert að neðanverðu, þá yrðu málin fyrir álprófilana:

$$40 - 1,5 - 1,5 = 37$$

$$100 - 1 = 99$$



### Samsetning rammans

#### 4. Hornin fest við álprófila

Leggið söguðu álprófilana á sléttan flöt og á hvolf þannig að raufin snúi upp og inn á við allan hringinn.

Leggið hornin niður og gætið þess að raufin á þeim snúi einnig upp á við. Þrýstið hornunum inn í álprófilana

Mátið rammann við gluggann áður en lengra er haldið, munið eftir að gera ráð fyrir lömum og snúningsfestingum (sjá lið 2)

## 5. Netið sett í rammann, skref 1

Með álarammann enn á sléttum fleti með raufina upp leggið netið yfir álarammann þannig að lágmark 4-5 cm standi útaf á öllum hliðum

Takið áhaldið fyrir gúmmíborðann og annan enda gúmmíborðans og byrjið á langhlið nálægt horni ýtið gúmmíborðanum með áhaldinu niður í raufina með netið á milli.

## 6. Netið sett í rammann, skref 2

Notið aðra höndina til að slétt út slaka á netinu (alls ekki teygja á netinu) og til að halda þráðum netsins nokkurn vegin í línu við álarammann.

Notið annaðhvort hjólið sem er ávalt eða inndregið (sjá mynd) og rólega rúllið gúmmíborðanum í raufina allan hringinn. Þegar komið er fram fyrir hvert horn er ágætt að ýta netinu alveg við hornið niður í borðið áður en gúmmíborðanum er ýtt niður, þegar gúmmíborðinn fer ofan í dregst svo netið upp í rétta stöðu. Þessi aðferð tryggir betur að ekki myndist tog í netið.

Hafið ekki áhyggjur þó gúmmíborðinn fari ekki alveg niður í hornunum, honum er hægt að ýta niður í lokin með t.d. skrúfjárn. Þegar komið er til enda er umfram gúmmíborði klipptur af og endanum ýtt í raufina.

### Ath:

Gætið þess að renna ekki til með áhaldið.

Netið byrjar að strekkjast þegar komið er að síðustu tveim hliðunum.

Ef netið virðist vera að fara rangt í þá er alltaf hægt að bakka smá, taka gúmmíborðann upp og byrja aftur frá þeim punkti þar sem netið fór að skekkjast.




## 7. Netið sett í rammann, skref 3

Áður en netið er skorið athugið hvort ramminn sé ekki örugglega hornréttur

Notið svo dúkahnif til að skera burt umfram net,

snúið hnífsblaðinu að álarmanum

(þ.e. ekki skera í átt að gúmmíborðanum, sjá mynd).



## Uppsetning rammans

### 8. Velja staðsetningu fyrir lamir (slepptu þessu skrefi ef þú ætlar að nota segulborða)

Byrjið á að ákveða á hvaða hlið lamirnar eiga að vera, hafið í huga að ef lamirnar eiga að vera á hlið þá er æskilegt að breidd rammans sé minni en hæðin á honum og fer það eftir stærð rammans hversu mikið minni breiddin ætti að vera (í litlum og léttum ramma getur breiddin verið sú sama og hæðin án vandræða en í stórum og þungum ramma getur álagið á lamirnar orðið of mikið ef breiddin er of mikil miðað við hæðina).


### 9. Lamir festar á (slepptu þessu skrefi ef þú ætlar að nota segulborða)

Leggið rammann niður á sléttan flöt með raufina og gúmmíborðann niður.

Setjið lamirnar saman og leggið upp við rammann ca 8-10 cm frá horni (sjá mynd).

Merkið með blýanti hvar götin eiga að koma og borið með 2mm bor fyrir lömunum í gegnum fyrsta lag álarammans og skrúfið lamirnar fastar.

Þessi aðferð við að merkja hvar götin eiga að koma er til að tryggja sem besta lokun við gluggakarminn, eins og sést þá eru götin ekki fyrir miðju rammans.



### Ath:

Gætið þess að skrúfa réttan hluta lamanna í rammann, t.d. ef ætlunin er að hengja upp á hlið þá á lömin sem fer á álarammann að snúa niður (þ.e. holan snýr niður) og ef ætlunin er að hafa lamirnar að ofan verðu getur skipt máli hvort holan snýr upp á það að koma rammannum í og úr.

### 10. Halda fest á rammann (mögulega sleppirðu þessu skrefi ef þú ætlar að nota segulborða)

Ákveðið staðsetningu fyrir hölduna (ef ætlunin er að nota hana), merkið fyrir borun með blýanti og borið götin með 2mm bor. Skrúfið hölduna fasta.

### 11. Ramminn hengdur upp

Takið rammann stillið honum á sinn stað í glugganum og merkið fyrir hvar lamirnar eiga að skrúfast í gluggakarminn. Skrúfið lamirnar í gluggakarminn og hengið svo rammann upp.

### 12. Snúningshnappar festir upp (slepptu þessu skrefi ef þú ætlar að nota segulborða)

Með gluggarammann upphengdan, mælið hvar þið viljið staðsetja snúningshnappana sem munu halda gluggarammanum lokuðum og skrúfið þá í gluggakarminn.

